



**Samandreginn árshlutareikningur samstæðu**

**1. janúar til 30. júní 2017**

Síminn hf.  
Ármúla 25  
108 Reykjavík  
Kt. 460207-0880

# Efnisyfirlit

---

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Yfirlit um heildarafkomu.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Eiginfjáryfirlit.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9 - 14
Ársfjórðungsýfirlit.....	15

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní voru 13.977 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 14.357 m.kr. á sama tímabili árið 2016. Hagnaður var af rekstri samstæðunnar sem nam 1.564 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 1.026 m.kr. á sama tímabili 2016. Eignir samstæðunnar námu 64.247 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 35.256 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 54,9%. Félagið greiddi arð á tímabilinu að fjárhæð 275 m.kr. til hluthafa sinna. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Á aðalfundi Símans hf. þann 16. mars 2017 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um að lækka hlutafé félagsins til jöfnunar á eigin hlutum. Lækkunin nemur 206 m.kr. að nafnverði. Í samræmi við endurkaupaáætlun félagsins sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2017 voru keypti eigin bréf að nafnvirði 75 m.kr. fyrir 321 m.kr. Heimild er fyrir endurkaupum að fjárhæð 1.102 m.kr. til 16. mars 2018.

Félagið nýtti heimild í skilmálum útgáfulýsingar skuldabréfaflokks SKIPTI 13 01 og greiddi hann upp að fullu þann 5. júlí síðastliðinn. Eftirstöðvar skuldabréfaflokksins voru 6.960 milljónir króna samanber skýringu 14. Óverðtryggðar skuldir félagsins voru einnig endurfjármagnaðar á sama tíma. Jafnframt voru um 3 milljarðar af handbæru fé félagsins nýttir til lækkunar skulda. Ný fjármögnun félagsins samanstendur af óverðtryggðu bankaláni með breytilegum vöxtum að fjárhæð 18,4 milljarðar og að auki hefur félagið aðgang að lánalínum upp á 2 milljarða.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarrafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 30. júní 2017 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2017

**Stjórn**

Sigríður Hrólfsdóttir, formaður

Bertrand B. Kan, varaformaður

Birgir S. Bjarnason

Heiðrún Jónsdóttir

Stefán Árni Auðólfsson

**Forstjóri**

Orri Hauksson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa Símans hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Símans hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki vist að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 24. ágúst 2017

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2017

	Skýr.	2017 1.4.-30.6.*	2016 1.4.-30.6.*	2017 1.1.-30.6.	2016 1.1.-30.6.
Sala .....	6	7.145	7.351	13.747	14.135
Kostnaðarverð sölu .....	7	( 3.687)	( 3.953)	( 6.933)	( 7.618)
<b>Framlegð .....</b>		<b>3.458</b>	<b>3.398</b>	<b>6.814</b>	<b>6.517</b>
Aðrar rekstrartekjur .....		109	124	230	222
Rekstrarkostnaður .....	8	( 2.289)	( 2.490)	( 4.579)	( 4.969)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>1.278</b>	<b>1.032</b>	<b>2.465</b>	<b>1.770</b>
Fjármunatekjur .....		134	300	269	424
Fjármagnsgjöld .....		( 390)	( 467)	( 742)	( 902)
Gengismunur .....		( 2)	4	8	19
Hrein fjármagnsgjöld .....	9	( 258)	( 163)	( 465)	( 459)
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		1.020	869	2.000	1.311
Reiknaðir skattar .....		( 230)	( 153)	( 436)	( 285)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b>790</b>	<b>716</b>	<b>1.564</b>	<b>1.026</b>
EBITDA .....		2.191	1.954	4.290	3.559
<b>Skipting hagnaðar</b>					
Hluthafar móðurfélags .....		809	732	1.589	1.049
Minnihlut .....		( 19)	( 16)	( 25)	( 23)
Hagnaður tímabilsins .....		<u>790</u>	<u>716</u>	<u>1.564</u>	<u>1.026</u>
<b>Hagnaður á hlut</b>					
Grunnhagnaður á hlut .....		0,09	0,08	0,17	0,11
Þynntur hagnaður á hlut .....		0,08	0,08	0,16	0,11

Skýringar á blaðsíðum 9 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

\*Ekki kannað

## Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2017

---

	Skýr.	2017 1.4.-30.6.*	2016 1.4.-30.6.*	2017 1.1.-30.6.	2016 1.1.-30.6.
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b>790</b>	<b>716</b>	<b>1.564</b>	<b>1.026</b>
<b>Rekstrarliðir sem kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi</b>					
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga .....		3 ( 14)		1 ( 16)	
<b>Heildarhagnaður tímabilsins .....</b>		<b>793</b>	<b>702</b>	<b>1.565</b>	<b>1.010</b>
<b>Heildarhagnaður tímabilsins skiptist þannig</b>					
Hluthafar móðurfélags .....		812	718	1.590	1.033
Minnihluti .....		( 19) ( 16)	( 25)	( 23)	
<b>Heildarhagnaður tímabilsins .....</b>		<b>793</b>	<b>702</b>	<b>1.565</b>	<b>1.010</b>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

\*Ekki kannað

# Efnahagsreikningur 30. júní 2017

	Skýr.	30.6.2017	31.12.2016
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		16.579	16.118
Viðskiptavild .....		31.407	31.407
Óefnislegar eignir .....		3.360	3.181
Aðrar eignir .....	10	1.218	1.349
		<b>Fastafjármunir</b>	<b>52.564</b>
			<b>52.055</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	11	1.899	1.829
Viðskiptakröfur .....	12	5.048	5.619
Aðrar skammtímakröfur .....	13	840	809
Handbært fé .....		3.896	3.667
		<b>Veltufjármunir</b>	<b>11.683</b>
			<b>11.924</b>
		<b>Eignir alls</b>	<b>64.247</b>
			<b>63.979</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		9.369	9.444
Yfirverðsreikningur .....		16.860	17.105
Annað eigið fé .....		241	216
Annað bundið eigið fé .....		862	467
Óráðstafað eigið fé .....		8.155	7.235
		<b>Eigið fé hluthafa móðurfélags</b>	<b>35.487</b>
Hlutdeild minnihluta .....		( 231)	( 207)
		<b>Eigið fé samtals</b>	<b>35.256</b>
			<b>34.260</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalan .....	14	20.948	21.568
Tekjuskattsskuldbinding .....	15	475	442
		<b>Langtímaskuldir</b>	<b>21.423</b>
			<b>22.010</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		2.958	3.584
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	1.381	1.376
Skattar til greiðslu .....		1.002	615
Aðrar skammtímaskuldir .....	16	2.227	2.134
		<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>7.568</b>
			<b>7.709</b>
		<b>Skuldir samtals</b>	<b>28.991</b>
			<b>29.719</b>
		<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>64.247</b>
			<b>63.979</b>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárhlutareikningnum.

## Eiginfjáryfirlit 30. júní 2017

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Annað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2016 .....	9.650	17.556	309	541	4.836	32.892	( 91)	32.801
Hagnaður (tap) tímabilsins .....					1.049	1.049	( 23)	1.026
Þýðingarmunur .....				( 16)	( 16)	( 16)		( 16)
Heildarafkoma tímabilsins .....				( 16)	1.049	1.033	( 23)	1.010
Greiddur arður (0,0596 á hlut)					( 576)	( 576)	( 1)	( 577)
Keypt eigin bréf .....	( 243)	( 507)				( 750)		( 750)
Breyting á minnihluteign .....						0	( 43)	( 43)
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .....			108			108		108
Eigið fé 30.6.2016 .....	<u>9.407</u>	<u>17.049</u>	<u>417</u>	<u>525</u>	<u>5.309</u>	<u>32.707</u>	<u>( 158)</u>	<u>32.549</u>
Eigið fé 1.1.2017 .....	9.444	17.105	216	467	7.235	34.467	( 207)	34.260
Hagnaður (tap) tímabilsins .....				394	1.195	1.589	( 25)	1.564
Þýðingarmunur .....				1	1	1	1	2
Heildarafkoma tímabilsins .....				395	1.195	1.590	( 24)	1.566
Greiddur arður (0,029171 á hlut)					( 275)	( 275)		( 275)
Keypt eigin bréf .....	( 75)	( 245)				( 320)		( 320)
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .....			25			25		25
Eigið fé 30.6.2017 .....	<u>9.369</u>	<u>16.860</u>	<u>241</u>	<u>862</u>	<u>8.155</u>	<u>35.487</u>	<u>( 231)</u>	<u>35.256</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Sjóðstremisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2017

	Skýr.	2017 1.4.-30.6.*	2016 1.4.-30.6.*	2017 1.1.-30.6.	2016 1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>					
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....		1.278	1.032	2.465	1.770
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjármáli:					
Afskriftir og virðisýrnun .....		913	922	1.825	1.789
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....		0 ( 17)	( 4)	( 19)	
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjármáli .....		12	43	25	107
		<u>2.203</u>	<u>1.980</u>	<u>4.311</u>	<u>3.647</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, lækkun (hækkun) .....		69	191 ( 106)		180
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		( 588) ( 685)	708 ( 1.469)		
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímakuldir, hækkun (lækkun) .....		<u>302</u>	<u>152</u> ( 500)	<u>613</u>	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		( 217) ( 342)	102 ( 676)		
		<u>1.986</u>	<u>1.638</u>	<u>4.413</u>	<u>2.971</u>
Innnborgaðir vextir .....		115	128	247	238
Greiddir vextir .....		( 230) ( 271)	( 684) ( 813)		
Greiddir skattar .....		( 7) ( 3)	( 16) ( 8)		
		<u>1.864</u>	<u>1.492</u>	<u>3.960</u>	<u>2.388</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		( 1.228) ( 933)	( 2.290) ( 1.702)		
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		( 190) ( 125)	( 323) ( 262)		
Söluverð rekstrarfjármuna .....		1	34	149	38
Skuldabréfaeign, breyting .....		14 ( 64)	21 ( 53)		
Kaup á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádregnu handbæru fé .....		0	0	0 ( 50)	
Sala á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádregnu handbæru fé .....		0	234	0	234
Aðrar fjárfestingar .....		0 ( 142)	0 ( 142)		
		<u>( 1.403)</u>	<u>( 996)</u>	<u>( 2.443)</u>	<u>( 1.937)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>					
Greiddur arður .....		( 275) ( 576)	( 275) ( 577)		
Kaup og sala eigin bréfa .....		( 320) ( 750)	( 320) ( 750)		
Afborganir langtímalána .....		( 231) ( 228)	( 689) ( 684)		
		<u>( 826)</u>	<u>( 1.554)</u>	<u>( 1.284)</u>	<u>( 2.011)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....		( 365) ( 1.058)	233 ( 1.560)		
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		( 4) ( 5)	( 4) ( 14)		
Handbært fé í byrjun tímabilsins .....		<u>4.265</u>	<u>3.560</u>	<u>3.667</u>	<u>4.071</u>
		<u>3.896</u>	<u>2.497</u>	<u>3.896</u>	<u>2.497</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

\*Ekki kannað

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til júní 2017 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "félagsins" og til einstakra félaga sem "dótturfélaga". Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskiptaþjónustu, afþreyingar, gagnaflutnings og upplýsingataækni.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### 2.1. Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2016. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.siminn.is](http://www.siminn.is) og á vef Kauphallar Íslands: [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 24. ágúst 2017.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2016.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram. Hann er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Hafin er vinna við innleiðingu IFRS 15, sem tekur gildi 1. janúar 2018. Stjórnendur telja að innleiðing staðalsins muni ekki hafa veruleg áhrif á samstæðuárshlutareikninginn.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Gangvirði:

Það er mat stjórnenda að ekki sé verulegur munur á bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda og gangvirði þeirra í reikningsskilunum.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sjö starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru :

Starfsþáttur:	Lýsing:
Farsímaþjónusta: .....	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnnattþjónusta, farsímaþjónusta í heildsölum eða önnur farsímaþjónusta.
Talsímaþjónusta: .....	Talsímaþjónusta í heildsölum og smásölum.
Gagnaflutningur: .....	Gagnaflutningsþjónusta í heildsölum og smásölum, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimtaugar og aðgangsnet.
Sjónvarpsþjónusta: .....	Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
Upplýsingatækni: .....	Upplýsingatækniþjónusta, þ.m.t. afnotagjöld, útseld þjónusta og vörusala.
Vörusala búnaðar: .....	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað: .....	Útseld vinna vegna fjarskipta (þ.m.t. vettvangspjónusta) og aðstöðuleiga.

# Skýringar

---

## 5. Starfsþáttayfirlit, frh.:.

### Starfsþættir 1.1.-30.6. 2017

	Farsími	Talsími	Gagna-flutningur	Sjónvarps-þjónusta	Upplýsingatækni	Vörusala	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	3.204	1.060	4.185	2.025	2.189	803	511	13.977
Óskipt rekstrargjöld .....							( 9.687)	
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....							4.290	
Afskriftir og virðisryrnun .....							( 1.825)	
Hrein fjármagnsgjöld .....							( 465)	
Skattar .....							( 436)	
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>							<b>1.564</b>	
<b>Fjárfestingar .....</b>							( 2.464)	
<b>Óskiptar eignir 30.6.2017 .....</b>								<b>64.247</b>
<b>Óskiptar skuldir 30.6.2017 .....</b>								<b>28.991</b>

### Starfsþættir 1.1.-30.6. 2016

	Farsími	Talsími	Gagna-flutningur	Sjónvarps-þjónusta	Upplýsingatækni	Vörusala	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	3.466	1.143	4.337	2.029	2.082	871	429	14.357
Óskipt rekstrargjöld .....							( 10.798)	
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....							3.559	
Afskriftir og virðisryrnun .....							( 1.789)	
Hrein fjármagnsgjöld .....							( 459)	
Skattar .....							( 285)	
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>							<b>1.026</b>	
<b>Fjárfestingar .....</b>							( 1.926)	
<b>Óskiptar eignir 30.6.2016 .....</b>								<b>62.101</b>
<b>Óskiptar skuldir 30.6.2016 .....</b>								<b>29.552</b>

## 6. Sala

Seld þjónusta og vörur greinast þannig:

	2017	2016
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Sala á þjónustu .....	11.715	12.259
Vörusala .....	2.032	1.876
	<b>13.747</b>	<b>14.135</b>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

# Skýringar

## 7. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

	2017 1.1.-30.6.	2016 1.1.-30.6.
Laun og launatengd gjöld .....	1.848	2.141
Kostnaðarverð seldrar þjónustu .....	1.888	2.170
Samtengigjöld .....	394	501
Kostnaðarverð seldra vara .....	1.768	1.730
Eignfærð vinna .....	( 429)	( 337)
Afskriftir .....	1.464	1.413
	<u>6.933</u>	<u>7.618</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

## 8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	2.236	2.526
Markaðs- og sölukostnaður .....	286	349
Húsnaðis- og bifreiðakostnaður .....	705	721
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður .....	422	208
Afskrifaðar tapaðar kröfur og framlag í niðurfærslu viðskiptakrafna .....	15	74
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	554	716
Afskriftir og virðisryrnun .....	361	375
	<u>4.579</u>	<u>4.969</u>

## 9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

### Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum .....	267	234
Fenginn arður og söluhagnaður af eignarhlutum .....	2	190
	<u>269</u>	<u>424</u>

### Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld .....	( 648)	( 788)
Verðbætur .....	( 72)	( 102)
Önnur fjármagnsgjöld .....	( 22)	( 12)
	<u>( 742)</u>	<u>( 902)</u>
Gengismunur .....	8	19
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 465)</u>	<u>( 459)</u>

# Skýringar

---

## 10. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:	30.6.2017	31.12.2016
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum .....	10	10
Fjárfesting í öðrum félögum .....	226	226
Sjónvarpsefni til sýningar .....	384	348
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	318	424
Langtímakröfur .....	280	341
Aðrar fjármunaeignir samtals .....	<u>1.218</u>	<u>1.349</u>

## 11. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir .....	1.277	1.170
Verk í vinnslu .....	21	29
Sjónvarpsefni til sýningar .....	601	630
Birgðir samtals .....	<u>1.899</u>	<u>1.829</u>

## 12. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur .....	5.491	6.083
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 443)	( 464)
Viðskiptakröfur samtals .....	<u>5.048</u>	<u>5.619</u>

## 13. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	540	562
Aðrar skammtímakröfur .....	300	247
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>840</u>	<u>809</u>

## Skýringar

---

### 14. Langtímaskuldir

Lán félagsins greinast á eftirfarandi hátt:	30.6.2017	31.12.2016
Skuldir í ISK, óverðtryggðar.....	15.359	15.833
Skuldir í ISK, verðtryggðar.....	6.960	7.101
Kaupleiga, langtímaskuldbinding.....	10	10
 Næsta árs afborganir.....	( 1.381)	( 1.376)
	<u>20.948</u>	<u>21.568</u>

Eftir uppgreiðslu og endurfjármögnun þann 5. júlí greinast lán félagsins á eftirfarandi hátt: 5.7.2017

Skuldir í ISK, óverðtryggðar.....	18.400
Kaupleiga, langtímaskuldbinding.....	10
 Næsta árs afborganir.....	( 1.150)
	<u>17.260</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda í efnahagsreikningi eru settar fram í samræmi við samningsbundnar afborganir á reikningsskiladegi. Aforganir langtímaskulda greinast þannig fyrir og eftir endurfjármögnun:

	5.7.2017	30.6.2017	31.12.2016
Innan 12 mánaða.....	1.150	1.381	1.376
Frá 12 -24 mánuðum.....	1.150	1.381	1.376
Frá 24 - 36 mánuðum.....	1.150	13.889	14.359
Frá 36 - 48 mánuðum.....	1.150	431	426
Frá 48 - 60 mánuðum.....	1.150	431	426
Afborganir síðar.....	<u>12.660</u>	<u>4.816</u>	<u>4.981</u>
Heildarlán að meðtoldum næsta árs afborgunum.....	<u>18.410</u>	<u>22.329</u>	<u>22.944</u>

### 15. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:	30.6.2017	31.12.2016
Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársþyrjun.....	442	263
Vegna sölu á félagi.....	0	( 8)
Tekjuskattur tímabilsins.....	425	750
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	( 392)	( 592)
Fært niður vegna óvissu um nýtingu.....	0	29
Tekjuskattsskuldbinding.....	<u>475</u>	<u>442</u>

### 16. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður .....	1.123	1.011
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	342	355
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	561	576
Aðrar skammtímaskuldir .....	201	192
Samtals aðrar skammtímaskuldir .....	<u>2.227</u>	<u>2.134</u>

# Skýringar

---

## 17. Óvissa

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta, fjölmiðla- og samkeppnislögum. Fjarskipti hf. (Vodafone) hafa stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meints ólögmæts verðþrýstings. Nemur stefnufjárhæð í málinu riflega níu hundruð milljónum króna. Inter, sem eru samtök aðila er veita internetþjónustu, hafa sent kröfu og krafist skaðabóta að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna vegna meintra brota á samkeppnislögum. Félög innan samtakanna hafa í kjölfarið óskað eftir dómkvaðningu matsmannna en niðurstaða matsmannna liggur ekki enn fyrir. Einnig hafa félögin höfðað viðurkenningarmál gegn Símanum þar sem krafist er viðurkenningar á skaðabótaskyldu. TSC ehf. hefur þá stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meintra brota á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2015. Nemur stefnufjárhæðin rúmlega hundrað milljónum króna. Félagið hefur hafnað málatilbúnaði gagnaðila í öllum málunum og gagnstefnt Fjarskiptum hf.

Síminn og Fjarskipti hf. ( Vodafone) hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Samkeppniseftirlitið og Póst- og fjarskiptastofnun hafa til meðferðar kvartanir Vodafone gegn Símanum vegna meintra brota á samkeppnis- og/eða fjölmiðlalögum. Félagið telur að háttsemi þess sé í fullu samræmi við ákvæði samkeppnis- og fjölmiðlalaga. Í desember 2015 samþykkti Sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu kröfu félagsins um að lagt yrði lögbann á Vodafone vegna dreifingar á myndefni með ólínulegum hætti. Félagið höfðaði í kjölfarið staðfestingarmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Héraðsdómur samþykkti kröfu Símans þann 28. apríl síðastliðinn. Vodafone hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárláta vegna þeirra. Í þeim tilvikum sem talið er að félagið geti þurft að greiða bætur vegna málareksturs á hendur þess er sá kostnaður áætlaður af stjórnendum félagsins og færður í reikningsskil þess.

## 18. Atburðir eftir reikningsskiladag

Félagið endurfjármagnaði lán sín þann 5. júlí sem hefur í för með sér breytingu á samsetningu efnahagsreiknings og greiðslubyrði lána. Sjá nánar í skýrslu stjórnar og skýringu 14.

## Ársfjórðungsýfirlit

---

Ársfjórðungsýfirlit samstæðunnar er ekki kannað. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2017	2 F 2017	2 F Samtals
Sala .....	6.602	7.145	13.747
Kostnaðarverð sölu .....	( 3.246)	( 3.687)	( 6.933)
<b>Framlegð .....</b>	<b>3.356</b>	<b>3.458</b>	<b>6.814</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	121	109	230
Rekstrarkostnaður .....	( 2.290)	( 2.289)	( 4.579)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>1.187</b>	<b>1.278</b>	<b>2.465</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 207)	( 258)	( 465)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>980</b>	<b>1.020</b>	<b>2.000</b>
Tekjuskattur .....	( 206)	( 230)	( 436)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>774</b>	<b>790</b>	<b>1.564</b>
EBITDA .....	2.099	2.191	4.290

	1 F 2016	2 F 2016	3 F 2016	4 F 2016	Samtals
Sala .....	6.784	7.351	7.129	7.773	29.037
Kostnaðarverð sölu .....	( 3.665)	( 3.953)	( 3.467)	( 4.302)	( 15.387)
<b>Framlegð .....</b>	<b>3.119</b>	<b>3.398</b>	<b>3.662</b>	<b>3.471</b>	<b>13.650</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	98	124	141	172	535
Rekstrarkostnaður .....	( 2.479)	( 2.490)	( 2.124)	( 2.466)	( 9.559)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>738</b>	<b>1.032</b>	<b>1.679</b>	<b>1.177</b>	<b>4.626</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 296)	( 163)	( 269)	( 370)	( 1.098)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	0	0	0	( 1)	( 1)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>442</b>	<b>869</b>	<b>1.410</b>	<b>806</b>	<b>3.527</b>
Tekjuskattur .....	( 132)	( 153)	( 282)	( 205)	( 772)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>310</b>	<b>716</b>	<b>1.128</b>	<b>601</b>	<b>2.755</b>
EBITDA .....	1.605	1.954	2.583	2.103	8.245